

**Til stjórnar Glitnis banka hf**  
**Frá Vilhjálmi Bjarnasyni, hluthafa og**  
**framkvæmdastjóra Samtaka fjárfesta**

**Fyrirspurn undir liðnum önnur mál á aðalfundi 20.febrúar 2008.**

Fyrirspurn þessi hefur að markmiðið að varpa ljósi á hvernig hagsmuna hluthafa Glitnis banka er gætt í gildandi kaupréttarsamningum við starfsmenn bankans. Bent er á að kaupréttarsamningar byggjast á ráðstöfun á óseldum hlutum, sem hluthafar eiga að öðru jöfnu forkaupsrétt að. Þessi forgangsréttur felur í sér verðmæti fyrir hluthafa, sem stjórn ber að gæta að eins og annarra hagsmuna hluthafa bankans.

1. Við hvaða starfsmenn Glitnis banka hf hefur stjórn félagsins gert kaupréttarsamninga og eru í gildi í dag?
2. Hve hár er kaupréttur við hvern og einn starfsmann, hvert er samningsgengi í einstökum samningum og hvert er viðmiðunargengi í samningunum?
3. Í hvaða tilfellum er viðmiðunargengi kaupréttarsamninganna stundargengi á samningsdegi eða á síðustu 10 – 20 dögum fyrir gerð samnings?
4. Hvaða ástæður lágu til þess að gerður var kaupréttarsamningur við forstjóra bankans fyrir 150 milljónum hluta á genginu 26,6, samtals að fjárhæð 3.990.000.000, og hver er áætlaður kostnaður Glitnis banka af þessum samningi?
5. Hver eru áhrif þessa samnings á hagnað á hlut annarra hluthafa vegna þessa samnings?
6. Á hvern hátt eru gildandi kaupréttarsamningar tengdir við afkomu bankans, ávöxtun eigin fjár, breytingar á markaðsgengi hlutabréfa og viðmiðun við markaðsvísitölur hlutabréfa?